

BORGARRÁÐ 5. október 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á reglum um frístundakort - MSS23100044

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að fela menningar-, íþrótt- og tómstundaráði að breyta gildandi reglum um frístundakort frá 8. júní sl. á þann hátt að ekki verði hægt að nota frístundakortið til að greiða fyrir frístundaheimili eða tungumálanám. Til að hjálpa efnaminni foreldrum að greiða þá nauðsynlegu þjónustu fyrir börn sín eru aðrar leiðir í boði og hægt að sækja um sérstaka styrki í því sambandi. Barn á ekki að þurfa að líða fyrir fátækt foreldra sína. Það á bæði að geta verið á frístundaheimili, sótt tungumálaskóla ef því er að skipta og á sama tíma nýtt frístundastyrk sinn til að stunda íþróttir eða tómstundir. Einnig er lagt til að heimilt verði að færa eftirstöðvar styrksins á milli ára og flytja styrkinn milli systkina. Jafnframt verði því beint til ráðsins að hefja vinnu við að nútímavæða reglurnar m.a. með tilliti til þess að barn getur átt lögheimili hjá báðum forsjáforeldrum.

Greinargerð:

Upphaflegur tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík á aldrinum 6–18 ára geti tekið þátt í frístundastarfi óháð efnahag og félagslegum aðstæðum en enn er sá galli á gjöf Njarðar að það má nota kortið til að borga frístundaheimili eða tungumálanám. Til að hjálpa efnaminni foreldrum að greiða þá nauðsynlegu þjónustu fyrir börn sín eru aðrar leiðir í boði og hægt að sækja um sérstaka styrki í því sambandi. Barn á að geta verið á frístundaheimili, sótt tungumálaskóla ef því er að skipta og á sama tíma nýtt frístundastyrk sinn til að stunda íþróttir eða tómstundir. Fulltrúi Flokks fólksins hefur orðað þessa hluti ótal sinnum sl. 5 ár í borgarstjórn en ekki náð að opna augu borgarmeirihlutans. Áfram er því haldið í þeirri von að meirihlutinn og Menningar- íþrótt- og tómstundaráðs sem nú hefur forræði yfir frístundakorti/frístundastyrknum sjái ljósið. Einnig er lagt til að hægt verði að færa eftirstöðvar styrksins milli ára og að heimilt verði að flytja styrkinn milli systkina. Nútímavæða þarf reglur frístundastyrksins. Í því sambandi þarf að hafa í huga að barn getur átt lögheimili hjá báðum sínum forsjáforeldrum.